Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

2. tbl. 26. árgangur • Apríl 2015

Vilja semja á grundvelli kröfugerðar Framsýnar

"Ég er fyrst og fremst stoltur af mínu fólki, niðurstaðan er afgerandi og sýnir svart á hvítu að félagar í Framsýn eru tilbúnir í verkfallsaðgerðir ef ekki næst að semja," segir Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar um atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls á vegum aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands, þar á meðal Framsýnar. Um er að ræða þá félagsmenn sem tilheyra almennum kjarasamningi Starfsgreinasambandsins við Samtök atvinnulífsins og kjarasamningi starfsmanna í ferðaþjónustu við Samtök atvinnulífsins.

Formaður Framsýnar hefur verið mikið í símanum í vikunni. Að sögn hefur hann aðallega verið að svara fjölmiðlum, atvinnurekendum og félagsmönnum og snúast flest samtölin um kjaramál og stöðuna í viðræðum stéttarfélaganna við SA.

96% samþykktu aðgerðir

Á kjörskrá vegna almenna kjarasamningsins voru 392. Alls kaus 231, sem gerir 59 % kosningaþátttöku. Já sögðu 222, eða 96,10 % og nei sögðu 7, eða 3,03%. Tveir seðlar voru auðir, eða 0,87%.

Á kjörskrá vegna samningsins í ferðaþjónustu voru 117. Alls kusu 47, sem gerir 40,17% kosningaþátttöku.

Já sögðu 45, eða 95,74% og nei sögðu tveir, eða 4,26%. Enginn seðill var auður.

"Ég er afskaplega ánægður með þátttökuna, ekki síst í ljósi þess að rafræn kosning er nýjung í okkar herbúðum. Við renndum nokkuð blint í sjóinn varðandi þátttöku, satt best að segja gerði ég ráð fyrir góðri þátttöku, sem kom svo á daginn. Niðurstaðan er að 96% styðja verkfallsaðgerðir, sem undirstrikar rækilega að okkar fólk er samstíga í baráttunni fyrir bættum kjörum. Allur undirbúningur Framsýnar í tengslum við gerð kröfugerðarinnar var vandaður og félagsfólk tók virkan þátt í mótun hennar. Sú vinna er nú að skila sér með afgerandi og táknrænum hætti, samstaðan er algjör."

Aðgerðirnar hafa víðtæk áhrif

Fyrsta verkfallið er boðað 30. apríl, daginn fyrir frídag verkafólks. Í maí eru boðaðar aðgerðir, sem enda með allsherjar vinnustöðvun í lok mánaðarins.

"Það segir sig sjálft að þessar aðgerðir munu hafa víðtæk áhrif og auðvitað vona ég að það takist að semja í tíma, svo ekki þurfi að koma til verkfalla. Okkar kröfugerð er sanngjörn og vonandi opnast augu vinnuveitenda með hækkandi sól. Af fjölmiðlum að dæma, stendur þjóðin með okkur, enda sér það hver heilvita maður að heimilisbókhaldið gengur ekki upp hjá launþegum, en á sama tíma virðast helstu greinar atvinnulífsins ganga ágætlega, svo ekki sé meira sagt."

Fyrirtækin vilja afstýra verkföllum

"Já, það er rétt, nokkur fyrirtæki á félagssvæðinu hafa haft samband og óskað eftir fundi til að skrifa undir samninga við félagið á grundvelli kröfugerðar Framsýnar. Ástæðan er einföld, þau vilja komast hjá verkföllum vegna mikilla umsvifa á komandi vikum og mánuðum. Þetta eru til dæmis fyrirtæki í ferðaþjónustu, iðnaði, matvælavinnslu og fyrirtæki sem eru með verkefni á Þeistareykjum. Það er mikið í húfi og ég býst við að enn fleiri fyrirtæki hafi samband á næstu dögum. Á þessari stundu er ómögulegt að segja til um hvernig málin þróast, en eitt er víst að við munum bera hag okkar fólks fyrir brjósti. Það er engin hætta á öðru," segir Aðalsteinn.

"Auk þess bendi ég á að þeir sem ekki eru í Framsýn en starfa á svæðinu, til dæmis við almenn störf í ferðaþjónustu, er ekki heimilt að standa utan Framsýnar. Félagið er með samningsumboð fyrir þessi störf og reglurnar í þessu efnum eru skýrar og við munum að sjálfsögðu sjá til þess að farið verði eftir þeim. Baráttunni er ekki lokið, en þátttakan í rafrænu atkvæðagreiðslunni og niðurstaðan sýnir vel að samstaðan er algjör. Það er alveg ljóst," segir Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar. KEP

Glæsileg samkoma 1. maí

Óhætt er að segja að hátíðarhöld stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum verði glæsileg 1. maí. Ræðumenn verða formaður og varaformaður Framsýnar. Gleðigjafinn Jóhannes Kristjánsson verður með gamanmál. Snillingurinn Óskar Pétursson syngur nokkur lög auk þess sem þrjár magnaðar og landsfrægar söngkonur taka lög með Tinu Turner, þær Regína Ósk Óskarsdóttir, Bryndís Ásmundsdóttir og Sigríður Beinteinsdóttir. Vert er að geta þess að um frumflutning er að ræða þar sem tónlistarhátíðin sem tileinkuð er ferli Tinu Turner verður 2. maí í Eldborg í Hörpu. Stúlknakór Húsavíkur verður á svæðinu undir stjórn Ástu Magnúsardóttur og Steini Hall blæs í lúður eins og enginn sé morgundagurinn. Full ástæða er til að hvetja fólk til að fjölmenna í höllina, ekki síst á þessum tímum þegar mikil ólga er á vinnumarkaðinum og mikillar samstöðu er þörf.

Á hverju ári er haldinn fjölmenn hátíð á Húsavík vegna baráttudags verkafólks, 1. maí. Látum okkur ekki vanta í höllina, það verður dansað, spilað og sungið. Ekki missa af því kæri lesandi til sjávar og sveita.

Forsíðumynd

Myndin er tekin í Íþróttahöllinni á Húsavík á hátíðarhöldum stéttarfélaganna 1. maí. Hér má sjá heiðursmanninn Kristján Ásgeirsson fyrrverandi formann Verkalýðsfélags Húsavíkur. Hann var formaður félagsins frá árinu 1973 til ársins 1977. Eftir það var hann varaformaður félagsins til ársins 1991.

ÚTGEFENDUR: Þingiðn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Aðalsteinn Á Baldursson
Fréttabréfið er skrifað 26. apríl 2015 og gefið út í 2000 eintökum. **HÖNNUN/UMBROT:** Skarpur, Húsavík. **PRENTUN:** Ásprent, Akureyri.

Er þetta skýringin á áhugaleysi SA?

Fyrir liggur að þeir sem stjórna Samtökum atvinnulífsins tengjast flestir fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Margir velta því fyrir sér hvort það skýri áhugaleysið hjá þeim á að ganga frá samningi við aðildarfélög Starfsgreinasambandsins á landsbyggðinni. Það er þrátt fyrir að félögin hafi boðað til verkfalla í þessari viku. Færa má fyrir því rök að fyrirtæki þessara aðila fái jafnvel aukin viðskipti komi til verkfalla á landsbyggðinni næsta fimmtudag. Í það minnsta verða forystumenn SA að svara þeirri spurningu, hver er ástæðan fyrir áhugaleysi Samtaka atvinnulífsins á að ganga frá kjarasamningi við aðildarfélög Starfsgreinasambands Íslands á landsbyggðinni?

Þeir klikka ekki á Þórshöfn

Aðgerðir samþykktar samhljóða

Eins og fjallað hefur verið um voru verkfallsaðgerðir á vegum aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins samþykktar með miklum glæsibrag í nýlegri atkvæðagreiðslu. Um 95% félagsmanna samþykktu verkfallsaðgerðir sem eiga að hefjast fimmtudaginn 30. apríl. Niðurstaðan var sérlega glæsileg meðal félagsmanna í Verkalýðsfélagi Þórshafnar. Þar voru 73 á kjörskrá. Atkvæði greiddu 47 eða 64.38% félagsmanna. Já sögðu 47 eða 100 %, glæsilegra verður það ekki.

Samstaðan um að hefja verkfallsaðgerðir er hvergi betri en á Þórshöfn.

Fræðsla stéttarfélaganna í grunnskólum mikilvæg

Fulltrúi stéttarfélaganna, Huld Aðalbjarnardóttir, heimsótti nemendur unglingadeildar Þingeyjarskóla sem skipar glæsilegum hópi víðs vegar úr Þingeyjarsveit. Óhætt er að segja að unga fólkið hafi tekið gestinum vel, sýndu fræðslunni áhuga og spurðu mikilvægra spurninga enda greinilega vel upplýstir unglingar sem vilja leggja sitt af mörkum á vinnumarkaðinum þegar að því kemur. Sum þeirra höfðu nú þegar stigið sín fyrstu skref inn á vinnumarkaðinn og flest stefna á sumarvinnu eftir að skóla lýkur í vor. Að mörgu er að hyggja er varðar réttindi og skyldur á vinnumarkaði og mikilvægt að ungt fólk sé vel meðvitað um umhverfi vinnumarkaðsins og hlutverk stéttarfélaganna. Því er ástæða til að fagna áhuga grunnskólanna á fræðslunni sem stéttarfélöginn bjóða upp á og tækifærinu sem skapast til samræðna við ungmennin við heimsóknir sem þessar. Að lokum færði Huld nemendum Framsýnarhúfur sem voru vel þegnar á síðasta degi vetrar.

Fyrirtæki vilja semja

Þegar Fréttabréfið er skrifað föstudaginn 24. apríl hafa 12 fyrirtæki óskað eftir viðræðum við Framsýn um gerð kjarasamnings til að forðast verkföll. Frá þeim tíma hafa staðið yfir viðræður milli aðila og standa enn. Hægt er að fylgjast með gangi mála inn á heimasíðu stéttarfélaganna, www.framsyn.is.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu, matvælaiðnaði, öðrum iðnaði, landbúnaði og byggingariðnaði eiga nú í viðræðum við Framsýn um nýjan kjarasamning.

FRAMSÝN

Tilkynning til fyrirtækja

Er þinn starfsmaður í vitlausu félagi?

Starfsmönnum fyrirtækja sem starfa eftir þeim kjarasamningum sem Framsýn er með við Samtök atvinnulífsins og falla undir verkfallsaðgerðir Framsýnar ber að vera í Framsýn.

Félaginu er ætlað að gæta hagsmuna félagsmanna á skilgreindu félagssvæði sem nær frá Raufarhöfn í austri að Vaðlaheiði í vestri enda með samningsumboð fyrir þessa starfsmenn.

Félaginu er kunnugt um að einhverjir starfsmenn séu að greiða í önnur félög sem hafa ekki samningsumboð fyrir starfsmenn t.d. í ferðaþjónustu. Þessum einstaklingum er ekki heimilt að starfa í verkfallinu verði það að veruleika 30. apríl. Geri þeir það eru þeir að brjóta lög og gildandi reglur.

Framsýn mun taka fast á slíkum brotum og krefjast þess að þessir starfsmenn greiði til Framsýnar enda hafa félagsmenn Framsýnar forgang til starfa á félagssvæðinu samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Atvinnurekendur eru beðnir um að virða þessa reglu svo ekki þurfi að koma til leiðinda eða kærumála.

Glæsileg niðurstaða

96% félagsmanna Framsýnar klárir í átök

Óhætt er að segja að útkoman úr atkvæðagreiðslu Framsýnar um boðun verkfalls sé glæsileg þar sem um 96% félagsmanna samþykktu verkfallsboðunina varðandi þá tvo kjarasamninga sem atkvæðagreiðslan náði til. Atkvæðagreiðslan var rafræn en Framsýn hefur ekki áður verið með rafræna atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls.

Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

Almenni kjarasamningurinn/SGS og SA
Á kjörskrá 392
Kjörsókn 231 eða 58,93%
Já 222 eða 96,10%
Nei 7 eða 3,03%
Auðir 0,87%

Kjarasamningur starfsmanna í ferðaþjónustu/SGS og SA
Á kjörskrá 117
Kjörsókn 47 eða 40,17%
Já 45 eða 95,74%
Nei 2 eða 4,26%
Auður 0 eða 0%

Til hamingju félagar, glæsileg samstaða. Samtök atvinnulífsins bjóða verkafólki 7000 króna hækkun á mánuði meðan þeir taka til sín 2,7 milljarða í arðgreiðslur sbr. eigendur HB-Granda.

FRAMSÝN

Tilkynning til fyrirtækja

-Verkföll-

Löglega boðuð verkföll hefjast fimmtudaginn 30. apríl kl. 12:00 að hádegi á félagssvæði Framsýnar.

Þá ber félagsmönnum Framsýnar sem starfa eftir kjarasamningum Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að leggja niður vinnu.

Atvinnurekendum er með öllu óheimilt að hafa áhrif á starfsmenn um að þeir virði ekki löglega boðaðar aðgerðir.

Geri þeir það verður það gert opinbert auk þess sem tekið verður fast á slíkum brotum.

Aðalfundur Framsýnar

FRAMSÝN

Aðalfundur Framsýnar verður haldinn þriðjudaginn 19. maí 2015 í fundarsal félagsins. Fundurinn hefst kl. 20:00. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf
a. Félagaskrá
b. Skýrsla stjórnar
c. Ársreikningar
d. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
e. Kjör í stjórnir, nefndir og ráð
f. Kosning löggilts endurskoðanda-/endurskoðunarskrifstofu
g. Lagabreytingar
h. Ákvörðun árgjalda
i. Laun stjórnar

2. Kjaramál

3. Önnur mál
-Ályktanir fundarins

Mikilvægt er að félagsmenn fjölmenni á aðalfundinn. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti auk þess sem fundarmenn fá glaðning frá félaginu, ekki missa af því.

Framsýn, stéttarfélag

Hvenær verða verkföll?

Verkfallsaðgerðir á vegum aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands, þar á meðal Framsýnar og Verkalýðsfélags Þórshafnar verða með eftirfarandi hætti:

Verkfallsaðgerðir aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands:

30. apríl 2015: Allsherjar vinnustöðvun frá kl. 12:00 á hádegi til miðnættis sama dag.

6. maí 2015: Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis.
7. maí 2015: Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis.

19. maí 2015: Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis.
20. maí 2015: Allsherjar vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis.

26. maí 2015: Ótímabundin vinnustöðvun hefst á miðnætti aðfaranótt 26. maí 2015.

Félagar virðum verkfallið og leggjum niður vinnu

Umræða tekin um kjaramál

Formanni Framsýnar Aðalsteini Árna var boðið í heimsókn í GPG-Fiskverkun á Húsavík. Formaður fór yfir stöðuna í kjaraviðræðunum við Samtök atvinnulífsins og boðaðar aðgerðir félagsins til að knýja á um launahækkanir til félagsmanna. Starfsmenn notuðu tækifærið og spurðu formann út í kjaramálin og boðaðar aðgerðir á næstu dögum.

Það fór vel á með formanni Framsýnar og starfsmönnum GPG á Húsavík. Sjá myndir úr heimsókninni.

Líf og fjör í Reykjahlíðarskóla

Formaður Framsýnar fór í heimsókn í Reykjahlíðarskóla. Skólinn er öflugur grunnskóli í Mývatnssveit. Markmiðið með heimsókninni var að fræða elstu nemendur skólans um vinnumarkaðinn og tilgang stéttarfélaga. Fjörugar umræður sköpuðust milli nemendanna og verkalýðsforingjans. Að sögn formannsins voru nemendurnir einstaklega skemmtilegir og hressir. Framtíðin er greinilega björt í Mývatnssveit.

Nemendur Reykjahlíðarskóla voru einstaklega skemmtilegir og fróðleiksfúsir þegar talsmaður Framsýnar kom við í skólanum með fræðslu. Hægt er að sjá fleiri myndir frá heimsókninni inn á heimasíðu stéttarfélaganna Framsyn.is

Settust hjá verkalýðsleiðtogunum

Verkalýðsforingjarnir og félagarnir Aðalsteinn Á. Baldursson og Vilhjálmur Birgisson þáðu boð Samtaka atvinnulífsins og sóttu ársfund samtakanna sem haldinn var í Hörpu fyrr í þessum mánuði. Með þeim var starfsmaður Starfsgreinasambandsins Árni Steinar Stefánsson. Nokkrir þjóðþekktir menn komu og settust hjá þeim félögum við borðið, meðal annars Kristján Loftsson sem stóð nýlega að verulegum hækkunum til stjórnarmanna í HB-Granda auk þess sem fyrirtækið greiddi eigendum fyrirtækisins 2,7 milljarða í arð. Það má því segja með sanni að elítan og fátæk alþýða hafi setið við sama borð á ársfundi Samtaka atvinnulífsins ásamt fyrrverandi alþingismönnum og ráðherrum. Samsetning borðfélaganna vakti töluverða athygli á ársfundinum.

Frá vinstri Hrafn Magnússon, Svavar Gestsson, Vilhjálmur Birgisson, Árni Steinar Stefánsson, Aðalsteinn Árni Baldursson, Guðni Ágústsson og Kristján Loftsson.

Aðalfundur Þingiðnar

Aðalfundur þingiðnar verður haldinn þriðjudaginn 26. maí 2015 í fundarsal félagsins. Fundurinn hefst kl. 20:00. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.

Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf
a. Félagaskrá
b. Skýrsla stjórnar
c. Ársreikningar
d. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninga
e. Kjör í stjórnir, nefndir og ráð
f. Kosning löggilts endurskoðanda/endurskoðunarskrifstofu
g. Lagabreytingar
h. Ákvörðun árgjalda
i. Laun stjórnar

2. Kjaramál

3. Önnur mál
-Ályktanir fundarins

Framsýn hefur áhyggjur af öryggismálum í fiskvinnslu

Framsýn fjallaði nýlega um úttekt Vinnueftirlitsins á öryggismálum í fiskvinnslu. Félagið taldi fulla ástæðu til að senda frá sér svohljóðandi ályktun:

Ályktun um vinnuslys í fiskvinnslu

„Framsýn, stéttarfélag lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fjölgunar vinnuslysa í fiskvinnslu á Íslandi. Samkvæmt úttekt Vinnueftirlitsins er ástandið ekki viðunandi og hefur stofnunin krafist úrbóta þegar í stað hjá nokkrum fiskvinnslufyrirtækjum.

Í úttekt Vinnueftirlitsins kemur m.a. fram: „ Það er algerlega óviðunandi í upphafi 21. aldarinnar að slysum í fiskvinnslu fjölgi. Fiskvinnslan þarf að taka sig á, öryggismál í fiskvinnslu verða ekki í lagi nema að fiskvinnslan vilji það sjálf.“

Framsýn stéttarfélag tekur heilshugar undir með Vinnueftirlitinu um mikilvægi þess að öryggismál í fiskvinnslu séu í fullkomnu lagi. Í því sambandi gegnir Vinnueftirlitið mikilvægu eftirlitshlutverki. Þá er ábyrgð hönnuða vinnslulína og fyrirtækja í fiskvinnslu mikil, þar sem þeim ber skylda til að tryggja öryggi starfsmanna.

Samantekt Vinnueftirlitsins er mikill áfellisdómur yfir atvinnugreininni og kallar á frekari umræðu. Fyrir liggur að aukin tæknivæðing hefur aukið afköst í fiskvinnslu það mikið að talað er um tæknibyltingu, jafnframt sem aukin framleiðni hefur bætt afkomu fyrirtækjanna. Á sama tíma hefur ekki verið hugað að velferð starfsmanna sbr. samantekt Vinnueftirlitsins um fjölgun slysa í greininni. Þá liggur fyrir að með aukinni tækni hafa stoðkerfisvandamál hjá fiskvinnslufólki aukist, sem er ólíðandi með öllu.

Framsýn, stéttarfélag kallar eftir umræðu um vinnuverndarmál í fiskvinnslu með það að markmiði að fækka slysum og horft verði til þess hvernig hægt er að tryggja öryggi og velferð starfsmanna með viðunandi hætti.“

Framsýn hefur áhyggjur af öryggismálum í fiskvinnslu á Íslandi enda full ástæða til þess samkvæmt úttekt Vinnueftirlitsins.

Lausar vikur í orlofshúsum

Orlofsnefnd stéttarfélaganna hefur lokið við að úthluta orlofshúsum til félagsmanna í sumar. Á annað hundrað umsóknir bárust. Því miður fengu ekki allir úthlutað þeim vikum sem þeir vildu. Þeim verður boðið að sitja fyrir þeim 40 vikum sem eftir eru fram að næstu helgi. Eftir það býðst öðrum þeim sem sóttu ekki um fyrir tilskilinn tíma, að sækja um orlofshús á vegum stéttarfélaganna. Hægt er að sjá hvaða vikur eru lausar með því að fara inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is eða að snúa sér beint til Skrifstofu stéttarfélaganna með fyrirspurnir.

Framsýn fundaði með forsvarsmönnum LNS Sögu

Forsvarsmenn Framsýnar áttu vinsamlegan fund með forsvarsmönnum fyrirtækisins LNS Sögu þegar þeir voru á ferðinni á Húsavík. Fyrirtækið er að hefja framkvæmdir við byggingu Þeistareykjavirkjunar. Verkinu á að vera lokið haustið 2017. Fjöldi starfsmanna kemur að uppbyggingunni t.d. verkamenn og iðnaðarmenn sem flestir verða félagsmenn í Framsýn og Þingiðn.

Fulltrúar Framsýnar áttu góðan fund með forsvarsmönnum LNS Sögu. Fimm fulltrúar frá fyrirtækinu tóku þátt í fundinum ásamt fulltrúum Framsýnar og framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Eru fræðslunni ríkari

Fulltrúar frá Framsýn voru með fræðslu um kjarasamninga og starfsemi stéttarfélaga í Stórutjarnaskóla í lok mars. Að sjálfsögðu gekk kynningin vel enda vandaðir og góðir nemendur í skólanum sem voru tilbúnir að hlýða á boðskapinn. Fræðslan náði til nemenda í níunda og tíunda bekk skólans. Það er til mikillar fyrirmyndar þegar skólar standa fyrir fræðslu um þennan mikilvæga málaflokk og óska eftir fræðslu frá stéttarfélögunum.

Stjórnendur Stórutjarnaskóla leggja mikið upp úr því að nemendur skólans fái fræðslu um vinnumarkaðinn og er það til mikillar fyrirmyndar.

Vilja gott samstarf við heimamenn

Fjölmenni var á kynningarfundi verktakafyrirtækisins LNS Saga sem er íslenskt fyrirtæki en móðurfyrirtækið er til heimilis í Noregi. Fyrirtækið stóð fyrir fundi um væntanlega uppbyggingu Landsvirkjunar á Þeistareykjum á næstu árum. Fundurinn var haldinn í samstarfi við Framsýn. Allar áætlanir gera ráð fyrir að 45 MW virkjun á vegum Landsvirkjunar verði klár í árslok 2017. Þá kom fram á fundinum að framkvæmdir munu hefjast í vor enda verði þá búið að hnýta alla lausa enda. Um 100 starfsmenn munu koma að þeim verkáföngum sem verða á vegum LNS Saga. Fyrirtækið kemur til með að sjá um uppbyggingu á stöðvarhúsinu og gufuveitulögnum. Fyrir liggur að mikil umsvif verða í kringum verkið en reisa þarf mötuneyti og vinnubúðir fyrir um 100 manns auk mikilla flutninga á landi og sjó sem fylgja verki sem þessu. Greinilegt er að forsvarsmenn LNS Saga leggja mikið upp úr góðu samstarfi við verktaka og þjónustuaðila á svæðinu. Almenn ánægja var með fundinn og sáu þingeyskir verktakar ástæðu til að þakka verktakafyrirtækinu fyrir góðan fund en þeir sjá mörg samstarfstækifæri varðandi uppbygginguna á Þeistareykjum.

Framkvæmdir eru að hefjast á Þeistareykjum, verktakinn LNS Saga óskar eftir góðu samstarfi við heimamenn. Þetta kom fram á fundi sem fyrirtækið hélt á Húsavík í samstarfi við Framsýn.

FRAMSÝN

Áskorun til félagsmanna Framsýnar

-Virðum verkfallið-

Löglega boðuð verkföll hefjast fimmtudaginn 30. apríl kl. 12:00 að hádegi á félagssvæði Framsýnar. Þá ber félagsmönnum Framsýnar sem starfa eftir kjarasamningum Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins að leggja niður vinnu.

Félagsmönnum er óheimilt með öllu að virða ekki þessar löglegu boðuðu aðgerðir. Samkvæmt lögum Framsýnar ber félagsmönnum að hlíta lögum félagsins, fundarsköpum, fundarsamþykktum og samningum í öllum greinum og stuðla að því að aðrir geri það. Geri þeir það ekki er heimilt að reka viðkomandi aðila úr félaginu.

Sumarferð stéttarfélaganna Viltu koma með?

Stéttarfélögin standa fyrir skemmti- og fræðsluferð upp að Holuhrauni 22. – 23. ágúst 2015. Um er að ræða tveggja daga ferð. Gist verður í Þorsteinsskála. Lagt verður af stað stundvíslega kl. 8 frá skrifstofu stéttarfélaganna laugardaginn 22. ágúst. Ekið sem leið liggur um Kísilveg í Mývatnssveit. Stefnan tekin austur á bóginn í Möðrudal. Þar verður klósett- og kaffistopp fyrir þá sem það vilja. Ekið í átt að Kreppu um Krepputungu og yfir brú á Jökulsá við Upptyppinga og þaðan í Drekagil. Áð verður á áhugaverðum stöðum á leiðinni. Drekagil skoðað áður en stefnan verður tekin að Holuhrauni.

Þegar komið er nær Vaðöldu, fyrir "hornið" á Dyngjufjöllum, sjáum við til þess nýja landslags sem varð til í eldgosi í Holuhrauni 2014/15. Í bakgrunninn eru jöklarnir. Næst Holuhrauni er Dyngjujökull, og hærra til austurs eru stórfengleg Kverkfjöll. Við munum fylgja jaðri hins nýja hrauns og stoppa meðal annars við aðal gíginn og ganga þar um.

Þegar við snúum þaðan verður langt liðið á daginn en okkar enda- og gististaður er Þorsteinsskáli í Herðubreiðarlindum. Þar verður grillað í boði stéttarfélaganna og skemmtun fram eftir kvöldi. Lagt verður af stað heim á leið fyrir hádegi á sunnudeginum eftir góða skoðun á nágrenni Herðubreiðarlinda. Stoppað verður við Grafarlandaá, í Hrossaborg og víðar, allt eftir veðri og stemmingu í hópnum. Heimkoma áætluð seinnipart sunnudags.

Ferðin er ætluð félagsmönnum stéttarfélaganna og mökum þeirra. Þátttökugjaldið er kr. 15.000 m.v. einstakling. Skráning í ferðina er á Skrifstofu stéttarfélaganna til 10. maí. Þar er einnig hægt að fá nánari upplýsingar um ferðina.

Stéttarfélögin

FRAMSÝN

Tilkynning til fyrirtækja

-Undanþágur frá verkfalli-

Fyrirtæki sem óska eftir undanþágum frá verkföllum eru vinsamlegast beðin um að senda beiðnir þess efnis til formanns Framsýnar, Aðalsteins Árna Baldursson, á netfangið kuti@framsyn.is. Sérstök undanþágunefnd mun taka erindin fyrir. Undanþágur verða ekki veittar nema í undantekningatilfellum.

Riddari götunnar

Steingrímur Hallgrímsson hefur ekið nokkra kílómetrana í gegnum árin enda starfað lengst af sem atvinnubílstjóri, nú síðast hjá Flytjanda. Þessi mikli öðlingur lætt af störfum um síðustu mánaðamót vegna aldurs en flutningafyrirtækið hefur ákveðnar reglur varðandi starfsaldur ökumanna fyrirtækisins. Hafþór Hreiðarsson lánaði okkur þessa mynd af Steina Hall þegar hann var að ljúka starfsferlinum hjá Flytjanda um síðustu mánaðamót.

Verkfallsbætur til félagsmanna

Félagsfundur Framsýnar haldinn sunnudaginn 26. maí samþykkti að miða greiðslur úr Vinnudeilusjóði við 26. maí þegar allsherjarverkfall á að hefjast á vegum aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins. Greitt verði kr. 8.000 á dag m.v. full réttindi félagsmanna og 500 kr. með hverju barni á dag sem er á framfæri félagsmanna. Starfsmenn sem verið hafa í fullu starfi síðustu 12 mánuði fá fullar greiðslur og aðrir hlutfallslegar greiðslur m.v. greitt félagsgjald. Hægt verður að sækja um verkfallsbæturnar á eyðublaði inn á heimasíðu stéttarfélaganna, www.framsyn.is. Eyðublöð verða einnig til staðar á skrifstofu félagsins. Reiknað er með því að félagsmenn taki á sig launatap fyrstu dagana í verkfallinu, komi til þess að það verði verkfall, sem verður 30. apríl, 6. maí, 7. maí, 19. maí og 20. maí. Vinsamlegast hafið samband við Skrifstofu stéttarfélaganna ef eitthvað er óljóst.

Gengið frá kjörgögnum

Það er töluvert verk að ganga frá kjörgögnum til félagsmanna. Hér má sjá fjórar magnaðar konur, Huld, Jónínu, Sigrúnu og Sigurveigu sem komu að því ásamt öðrum að ganga frá kjörgögnum til tæplega 500 félagsmanna Framsýnar í apríl.

Ber nafnið Framsýn enda með mikla forystuhæfileika

Fréttabréfinu leiðist ekki að birta jákvæðar fréttir í bland við alvarlegri fréttir. Nýlega fjölluðu fjölmiðlar um ályktun Framsýnar um kjaramál sem vakti töluverða athygli. Viðbrögðin voru ekki síst góð hjá verkafólki sem sá ástæðu til að hafa samband við félagið. En það voru ekki bara félagsmenn sem höfðu samband. Þessi skemmtilegu skilaboð frá bónda í Galtarholi í Hvalfjarðarsveit bárust félaginu.

„Ég sá á DV. vefútgáfunni í kvöld að þið voruð að funda í Framsýn. Svo vildi til að ég var líka á fundi með Framsýn. Við vorum ekki að ræða kjaramálin. Mín Framsýn er reyndar forystugimbur sem ég keypti sl. haust vestur í Eyrarsveit, mógolsuflekkótt að lit. Hún er að sjálfsögðu ættuð að norðan úr Þingeyjarsýslu, sæðingur undan Flórgoða frá Hafrafellstungu. Nafnið er sótt til félagsins með hliðsjón af eðli forystufjárins.

Sent til gamans.
Kær kveðja.
Jón Þór Guðmundsson
Galtarholti
Hvalfjarðarsveit
Borgarfjarðarsýslu

Framsýn er falleg forystugimbur úr Hvalfirði sem hefur mikla forystuhæfileika og heitir í höfuðið á einu öflugasta ef ekki öflugasta stéttarfélagi landsins.

Örfréttir frá Þórshöfn

Aðalfundur Iðnaðarmannadeildar Verkalýðsfélags Þórshafnar var haldinn í Hafliðabúð 26.mars. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn deildarinnar; Vikar Már Vífilsson formaður, Þórður Þórðarson varaformaður og Axel Jóhannesson ritari.

Aðalfundur Sjómannadeildar félagsins var haldinn í Hafliðabúð 24. apríl. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn deildarinnar; Sigfús Kristjánsson formaður, Árni Bragi Njálsson varaformaður og Jóhann Ægir Halldórsson ritari.

Aðalfundur Verslunar- og skrifstofudeildar Verkalýðsfélags Þórshafnar var haldinn í veitingastaðnum Bárunni 18.mars. Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn deildarinnar; Kristín Kristjánsdóttir formaður Unnur Lilja Elíasdóttir varaformaður og Guðrún Þorleifsdóttir ritari.

Þegar piparkökur bakast…

Það er alltaf ánægjulegt fyrir gesti að koma í mötuneytið í Reykjahlíðarskóla. Brosandi starfsstúlkur tendra fram heimsins besta mat og meðlæti fyrir nemendur, starfsmenn og gesti skólans. Hér eru þær samankomnar á einni mynd þessar einstöku konur, Þórunn Birna Ragnarsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir og Þórdís Jónsdóttir. Frábærar konur í alla staði.

Vel var tekið á móti talsmanni Framsýnar sem kom við í mötuneyti Reykjahlíðarskóla. Það fer enginn svangur þaðan.

FRAMSÝN

Tilkynning til fyrirtækja

-Viljið þið forðast verkföll-

Forsvarsmenn fyrirtækja sem hafa áhuga fyrir því að semja við Framsýn, svo ekki komi til verkfalla hjá þeim, eru beðnir um að snúa sér til formanns Framsýnar, Aðalsteins Árna Baldurssonar.

Hér er um að ræða fyrirtæki sem falla undir kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka Atvinnulífsins vegna almennra starfsmanna á vinnumarkaði og kjarasamning Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka Atvinnulífsins vegna starfsmanna í ferðaþjónustu.

Endursamið við Flugfélagið Erni

Eins og fram hefur komið á heimasíðu stéttarfélaganna hafa félögin endursamið við Flugfélagið Erni um afsláttarkjör fyrir félagsmenn á flugleiðinni Húsavík – Reykjavík. Verðið til félagsmanna verður kr. 8.500 í sumar.

Fyrir liggur að samningur stéttarfélaganna skiptir miklu máli fyrir félagsmenn og flugfélagið þar sem um 30% farþega eru félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum.

Framsýn stóð fyrir samstöðufundi á sunnudagskvöldið. Einhugur var meðal fundarmanna um að láta Samtök atvinnulífsins ekki komast upp með að bjóða verkafólki 3,5% í launahækkun. Ályktað var um málið, hægt er að nálgast hana inn á heimasíðu stéttarfélaganna framsyn.is.

Uppfærður bæklingur

Búið er að uppfæra bækling með helstu upplýsingum um réttindi sem félagsmenn eiga rétt á hjá Framsýn. Félagsmenn geta nálgast bæklinginn á Skrifstofu stéttarfélaganna auk þess sem honum verður dreift á vinnustaði á félagssvæðinu þegar starfsmenn stéttarfélaganna fara í vinnustaðaheimsóknir.

Góður gestur kom í morgunkaffi

Síðasta laugardagsmorgun þegar starfsmenn Framsýnar voru að ganga frá kröfugerð fyrir fundi með fyrirtækjum á svæðinu síðar um daginn bankaði góður gestur á dyr, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingmaður Samfylkingarinnar sem átti leið til Húsavíkur. Að sjálfsögðu var tekin umræða um kjara- og landsmálin.

Þau tóku spjall saman, þingmaðurinn og verkalýðsfrömuðurinn.

Baráttukveðja frá Samfylkingunni í Þingeyjarsýslu

Samfylgingin í Þingeyjarsýslum samþykkti á fundi sínum eftirfarandi bókun.

"Samfylkingin í Þingeyjarsýslu styður við kröfur launþega um að lágmarkslaun skuli hækkuð í 300 þúsund krónur og dagvinnulaun dugi til framfærslu. Framsýn stéttarfélag hefur lýst því yfir að aðilar á vinnumarkaði hafi áhuga á að semja beint við stéttarfélagið. Með því er vinnumarkaðurinn að gangast við þeirri staðreynd að núverandi kjarasamningar séu úr sér gengnir og ómannsæmandi. Þá krefjumst við þess að stjórnvöld axli ábyrgð og komi að lausn deilunnar."

Framsýn fagnar þessari stuðningsyfirlýsingu og kallar eftir því stjórnmálaflokkarnir taki afstöðu til kjaradeilu félagsins og Samtaka atvinnulífsins sem byggir á 300.000 króna lágmarkslaunum.

Góð fjárfesting í íbúðum

Það er alveg ljóst að það var góð fjárfesting sem Framsýn og Þingiðn réðust í þegar stéttarfélögin fjárfestu í fjórum íbúðum í Þorrasölum í Kópavogi. Félagsmenn hafa almennt verið ánægðir með íbúðirnar auk þess sem þær hafa hækkað verulega í verði frá því að félögin eignuðust þær sumarið 2012.

FRAMSÝN

Tilkynningar um verkfallsbrot

Félagsmenn Framsýnar sem verða varir við verkfallsbrot eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464 6600 eða við yfirverkfallsvörð Jakob Hjaltalín í síma 849 5568.

Appið og Netbankinn

Við bjóðum góða þjónustu í kaffitímanum

Í Netbankanum og Appinu getur þú sinnt fjármálunum hvar og hvenær sem þér hentar.

Hvort sem þú ert í kaffitíma í vinnunni, uppi í bústað eða á ferðalagi í útlöndum geturðu sinnt öllum helstu bankaviðskiptum í tölvunni eða snjalltækjum. Þú sérð stöðuna á reikningunum þínum, millifærir, borgar reikninga, sinnir sparnaði eða skoðar nýjustu vildartilboðin.

Kynntu þér Appið og Netbankann á islandsbanki.is

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

1. maí 2015 • Hátíðardagskrá

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum standa fyrir veglegri hátíðardagskrá í Íþróttahöllinni á Húsavík 1. maí 2015 kl. 14:00.

Gamanmál:

Jóhannes Kristjánsson eftirherma og skemmtikraftur

Söngur:

Óskar Pétursson stórsöngvari. Undirleikari Valmar Valjaots

Ávarp:

Ósk Helgadóttir varaformaður Framsýnar, stéttarfélags

Söngur:

Regína Ósk Óskarsdóttir, Sigríður Beinteinsdóttir og Bryndís Ásmundsdóttir syngja nokkur lög úr sýningunni "TÍNA" sem verður frumsýnd í Eldborg þann 2. maí. Sýningin er til heiðurs rokkdrottningunni Tinu Turner. Um er að ræða einstakan viðburð. Þær munu einnig taka lög með Janis Joplin og ABBA auk þess að taka Eurovision lög.

Hátíðarræða:

Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar.

Söngur:

Stúlknakór Húsavíkur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir

Spil:

Steingrímur Hallgrímsson spilar Internasjónalinn/ alþýðusöng verkalýðsins í upphafi samkomunnar.

Meðan á hátíðarhöldunum stendur verður gestum boðið upp á kaffi og meðlæti í boði stéttarfélaganna.

Þingeyingar og landsmenn allir, fjölmennum í höllina og drögum fána að húni á hátíðar- og baráttudegi verkafólks 1. maí 2015.

FRAMSÝN
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA